RÍKISENDURSKOÐUN

# Fangelsismálastofnun

## Ársreikningur 2005

Fangelsismálastofnun
Borgartún 7
Reykjavík
400189-2029

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ........ 3

Áritun endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði dómsmálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun skuli annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa, sjá um fullnustu refsidóma, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, annast félagslega þjónustu við fanga og að sjá til þess að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2005 námu rekstrartekjur ársins 66.580 þús. kr., rekstrargjöld 802.764 þús. kr., eignakaup 10.770 þús. kr. og fjármunatekjur 1.286 þús. kr. Framlag ríkissjóðs nam 780.300 þús. kr. og tekjuafgangur ársins var því 34.632 þús. kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 93.913 þús. kr., skuldir 18.960 þús. kr. og eigið fé nam 74.953 þús. kr. Handbært fé frá rekstri nam 37.244 þús. kr.

Forstjóri og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. ~~september~~ októ ber 2006

Valtýr Sigurðsson,
forstjóri.

Hólmfríður Árnadóttir,
fjármálastjóri.

# Áritun endurskoðenda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fangelsismálastofnunar ríkisins á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 3. október 2006

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Sveinn Arason,
endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Sértekjur | 1 | 66.579.729 | 128.260.119 |
| | | 66.579.729 | 128.260.119 |
| **Gjöld** | | | |
| Vörukaup | | 29.390.658 | 25.545.591 |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 560.325.254 | 527.034.815 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | 14.801.567 | 15.363.824 |
| Funda- og ferðakostnaður | 4 | 7.815.286 | 10.897.015 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 5 | 8.259.485 | 6.118.878 |
| Rekstur tækja og áhalda | 6 | 5.676.358 | 6.247.320 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 125.798.483 | 121.556.774 |
| Húsnæðiskostnaður | 8 | 43.136.163 | 46.053.306 |
| Bifreiðarekstur | 9 | 7.561.214 | 5.522.711 |
| | | 802.764.468 | 764.340.234 |
| Eignakaup | 10 | 10.769.749 | 10.001.416 |
| | | 813.534.217 | 774.341.650 |
| **Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur** | | ( 746.954.488) | ( 646.081.531) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 11 | 1.286.015 | 539.254 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 745.668.473) | ( 645.542.277) |
| Ríkisframlag | | 780.300.000 | 658.400.000 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | 34.631.527 | 12.857.723 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 11.810.699 | 11.240.944 |
| Ríkissjóður | 13 | 40.212.524 | 5.689.650 |
| Viðskiptakröfur | | 18.217.888 | 24.494.004 |
| Handbært fé | 12 | 23.672.082 | 20.951.257 |
| **Veltufjármunir** | | 93.913.193 | 62.375.855 |
| **Eignir alls** | | 93.913.193 | 62.375.855 |

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| **Höfuðstóll:** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 28.745.660 | 15.887.937 |
| Tekjuafgangur ársins | | 34.631.527 | 12.857.723 |
| **Höfuðstóll** | | 63.377.187 | 28.745.660 |
| **Annað eigið fé** | | | |
| Framlag til eignamyndunar | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Annað eigið fé** | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Eigið fé** | 14 | 74.953.535 | 40.322.008 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 18.959.658 | 22.053.847 |
| **Skuldir** | | 18.959.658 | 22.053.847 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 93.913.193 | 62.375.855 |

# Sjóðstreymi árið 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| ***Veltufé frá rekstri:*** | | | |
| Tekjuafgangur | | 34.631.527 | 12.857.723 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | 34.631.527 | 12.857.723 |
| ***Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:*** | | | |
| Birgðir lækkun/(hækkun) | | ( 569.755) | ( 1.061.235) |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun) | | 6.276.116 | 10.025.530 |
| Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun | | ( 3.094.189) | 2.075.703 |
| | | 2.612.172 | 11.039.998 |
| **Handbært fé frá rekstri (til reksturs)** | | 37.243.699 | 23.897.721 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| ***Breyting á stöðu við ríkissjóð*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | ( 780.300.000) | ( 658.400.000) |
| Greitt úr ríkissjóði | | 745.777.126 | 630.503.811 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 34.522.874) | ( 27.896.189) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.720.825 | ( 3.998.468) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 20.951.257 | 24.949.725 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 23.672.082 | 20.951.257 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

### Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2005 gerðu ráð fyrir aukinni starfsemi. Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 750.600 þús. kr. Til viðbótar fékk stofnunin 29.700 þús. kr. í launabætur, þannig að í heild námu fjárheimildir ársins 2005 því 780.300 þús. kr.

Rekstrargjöld ársins 2005, að frádregnum sértekjum, námu samtals 745.668 þús. kr. og voru því innan fjárheimilda ársins sem nemur 34.632 þús. kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Reikningur | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| Sértekjur | ( 28.700 ) | ( 28.700 ) | ( 68.186 ) | 39.486 |
| Laun og launatengd gjöld | 548.100 | 577.800 | 560.325 | 17.475 |
| Önnur rekstrargjöld | 214.100 | 214.100 | 222.674 | ( 8.574 ) |
| Tilfærslur | 9.300 | 9.300 | 20.085 | ( 10.785 ) |
| | 742.800 | 772.500 | 734.899 | 37.601 |
| Stofnkostnaður | 7.800 | 7.800 | 10.770 | ( 2.970 ) |
| | 750.600 | 780.300 | 745.668 | 34.632 |

## Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2005 sundurliðaður eftir sviðum:

| | Þús.kr. | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar | 119.139 | 16,0% |
| Fangelsi höfuðborgarsvæðisins, Hegningarhúsið og í Kópavogi | 148.004 | 19,8% |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 378.548 | 50,8% |
| Fangelsið Kvíabryggju | 57.908 | 7,8% |
| Fangelsið Akureyri | 28.147 | 3,8% |
| Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira | 13.923 | 1,9% |
| | 745.668 | 100,0% |

## Sundurliðanir

### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar eru að mestu leyti vegna framleiðslu vöru og þjónustu í fangelsunum. Á Litla-Hrauni námu tekjur alls 44.927 þús. kr. Þar vegur framleiðsla bílnúmeraskilta mest eða 26.255 þús. kr. Á Kvíabryggju námu tekjur 15.625 þús. kr. og í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu voru þær 4.518 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar drógust saman um 61.680 þús. kr. á milli ára eða 48.1%. Stafar lækkunin af minni tekjum af skiltaframleiðslu á Litla-Hrauni en tekjurnar lækkuðu um 63.442 þús. kr. á milli ára eða 70,7%. Lækkunin stafar af breytingu á fyrirkomulagi við öflun tekna af sölu á bílnúmeraplötum. Plöturnar eru nú seldar á kostnaðarverði til Umferðarstofu og mismunurinn á því og söluverði til bifreiðaeigenda rennur í ríkissjóð.

# Skýringar

## 2. Laun og launatengd gjöld

Ársverk í dagvinnu hjá stofnuninni árið 2005 voru 112,2 en voru 116,6 árið 2004. Launagjöld hjá stofnuninni hækkuðu í heild um 6,3% frá fyrra ári. Á árinu 2005 voru gerðir kjarasamningar við fangaverði sem fólu í sér eingreiðslur, en það skýrir hækkun launa og aukagreiðslna. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Dagvinna | 296.838.543 | 278.592.340 |
| Yfirvinna | 114.497.178 | 113.839.406 |
| Vaktaálag | 48.150.463 | 44.563.079 |
| Aukagreiðslur | 8.955.578 | 4.159.199 |
| Launatengd gjöld | 91.883.492 | 85.880.791 |
| | 560.325.254 | 527.034.815 |

## 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 3,7% á milli ára.

| | | |
|---|---|---|
| Símagjöld | 6.877.016 | 5.908.241 |
| Útgáfustarfsemi og afnotagjöld | 2.394.404 | 4.772.800 |
| Burðargjöld | 2.231.779 | 1.415.569 |
| Tímarit, blöð og bækur | 1.702.947 | 1.593.732 |
| Skrifstofuvörur | 1.494.663 | 1.589.176 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 100.758 | 84.306 |
| | 14.801.567 | 15.363.824 |

## 4. Funda- og ferðakostnaður

Af 3.238 þús. kr. ferða- og dvalarkostnaði námu fargjöld 1.637 þús. kr. og dagpeningagreiðslur 1.537 þús. kr. Af 3.183 þús. kr. akstri nam akstur starfsmannabifreiða 2.690 þús. kr. Annar funda- og ferðakostnaður nam 634 þús. kr. og er að nær öllu leyti risna. Í heild lækkaði funda- og ferðakostnaður á milli ára um 3.082 þús. kr. eða 28,3%.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 973.798 | 2.620.385 |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 2.264.222 | 1.881.203 |
| Fundir, ráðstefnur og námskeið | 759.745 | 1.398.170 |
| Akstur | 3.183.342 | 3.998.445 |
| Annar funda- og ferðakosnaður | 634.179 | 998.812 |
| | 7.815.286 | 10.897.015 |

# Skýringar

## 5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Rannsóknarstofuþjónusta felur í sér greiðslur til Rannsóknarstofu HÍ fyrir mælingar á eiturlyfjum í þvagi. Sýnatökum hefur fjölgað á milli ára auk þess sem gjaldskrá HÍ hækkaði verulega. Verulegur hluti annarrar sérfræðiþjónustu er vegna heilbrigðisþjónustu, eða 1.724 þús. kr. Jafnframt er undir aðra sérfræðiþjónustu færð 538 þús. kr. greiðsla til Persónuverndar vegna úttektar á öryggi persónuupplýsinga hjá stofnuninni. Hækkun tölvu og kerfisfræðiþjónustu stafar af aukinni hugbúnaðargerð vegna úttektar Persónuverndar. Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði á milli ára um 35,0%. Aðkeypt sérfræðiþjónusta sundurliðast eins og hér segir.

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 1.996.300 | 749.183 |
| Rannsóknarstofuþjónusta | 2.347.102 | 1.546.092 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 3.916.083 | 3.823.603 |
| | 8.259.485 | 6.118.878 |

## 6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Rekstrarliður lækkaði sem nemur 9,1% á milli ára.

| | | |
|---|---|---|
| Smátæki og áhöld | 1.976.996 | 2.152.381 |
| Viðgerðir og viðhald | 2.117.667 | 1.132.272 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 1.049.886 | 1.185.615 |
| Uppsetning á netbúnaði | 0 | 1.220.723 |
| Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda | 531.809 | 556.329 |
| | 5.676.358 | 6.247.320 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður

Fangelsismálastofnun ríkisins greiðir mánaðarlega fasta fjárhæð til áfangaheimilisins Verndar þar sem fangar afplána síðasta hluta fangelsisvistar sinnar. Fangelsismálastofnun greiðir dagpeninga til þeirra fanga sem ekki hafa heilsu til að vinna og til vinnufærra fanga ef enga vinnu er að hafa. Fangar í skóla fá greidda þóknun samkvæmt lægsta taxta. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 3,5% á milli ára og sundurliðast eins og hér kemur fram.

| | | |
|---|---|---|
| Máltíðir | 87.902.600 | 87.905.031 |
| Tilfærslur til einstaklinga, samtaka og heimila | 20.630.214 | 18.088.089 |
| Rekstrarvörur | 7.381.823 | 7.575.174 |
| Vinnufatnaður og fatafé | 5.636.378 | 3.782.316 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.247.468 | 4.206.164 |
| | 125.798.483 | 121.556.774 |

# Skýringar

## 8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Borgartúni 7. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Húsaleiga ársins 2005 nam 3.322 þús. kr. Stærstu liðir í öðrum húsnæðiskostnaði eru húsatryggingar að fjárhæð 1.685 þús. kr., viðhalds- og þjónustusamningar námu 1.349 þús. kr. og hlutdeild í sameiginlegum húsnæðiskostnaði var 811 þús. kr. Húsnæðiskostnaður lækkaði um 6,3% frá fyrra ári.

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 3.321.675 | 3.240.394 |
| Orka | 10.742.966 | 9.999.602 |
| Viðhald fasteigna og innréttingar | 12.111.638 | 17.301.926 |
| Fasteignagjöld | 8.011.208 | 7.584.363 |
| Þrif og sorphirða | 4.415.453 | 3.864.032 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 4.533.223 | 4.062.989 |
| | 43.136.163 | 46.053.306 |

## 9. Bifreiðarekstur

Stofnunin á og rekur níu bifreiðar en slíkur rekstur er nauðsynlegur fyrir þessa starfsemi.

| | | |
|---|---|---|
| Bensín og olía | 2.193.783 | 1.558.964 |
| Opinber gjöld og tryggingar | 1.532.323 | 1.815.785 |
| Viðgerðir og viðhald | 3.183.258 | 1.666.286 |
| Annar bifreiðakostnaður | 651.850 | 481.676 |
| | 7.561.214 | 5.522.711 |

## 10. Eignakaup

Eignakaup embættisins jukust í heildina um 7,7% á milli ára og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---|---|
| Bifreiðar | 4.385.838 | 4.185.060 |
| Vinnuvélar | 800.000 | 0 |
| Skrifstofubúnaður | 1.141.435 | 2.097.433 |
| Tölvubúnaður | 828.502 | 820.212 |
| Húsgögn | 1.188.975 | 333.779 |
| Önnur tæki og búnaður | 2.424.999 | 2.564.932 |
| | 10.769.749 | 10.001.416 |

## 11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 1.606.282 | 704.276 |
| Vaxtagjöld | ( 197.703) | ( 76.849) |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 122.564) | ( 88.173) |
| | 1.286.015 | 539.254 |

# Skýringar

## Annað

### 12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Sjóður | 255.026 | 255.026 |
| Bankainnstæður | 23.417.056 | 20.696.231 |
| | 23.672.082 | 20.951.257 |

### 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2005 nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð 40.213 þús. kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því batnað um 34.523 þús. kr. á árinu.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar | 5.689.650 |
| Ríkisframlag | 780.300.000 |
| Greiðslur | (753.671.865) |
| Millifærslur | 7.894.739 |
| Staða 31. desember | 40.212.524 |

### 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þess gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2005 var stofnunin rekin innan fjárheimilda ársins sem nemur 34.632 þús. kr. og hækkar höfuðstóll sem nemur þeirri fjárhæð. Í lok ársins 2005 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 63.377 þús. kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11.576 þús. kr. þannig að í heild nemur eigið fé 74.954 þús. kr.

| | |
|---|---|
| **Höfuðstóll:** | |
| Höfuðstóll 1. janúar 2005 | 28.745.660 |
| Ríkisframlag | 780.300.000 |
| Tekjuhalli fyrir ríkisframlag | (745.668.473) |
| Höfuðstóll 31. desember 2005 | 63.377.187 |
| | |
| **Annað eigið fé:** | |
| Framlag til eignamyndunar | 11.576.348 |
| Annað eigið fé 31. desember 2005 | 11.576.348 |
| | |
| Eigið fé alls | 74.953.535 |

# Skýringar

## 15. Skuldbindingar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: Samningur við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu. Gildistími er óákveðinn og nemur mánaðarleg greiðsla um 267 þús. kr. Samningur er við ISS Island um ræstingar. Gildistími er óákveðinn með sex mánaða uppsagnarfresti og nemur mánaðarleg greiðsla 109 þús. kr. Samningur við Tvo heima um mat á Litla-Hrauni. Samningur er framlengjanlegur til eins árs í senn með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Greiðsla fyrir þjónustu er samkvæmt umsömdum taxta sem tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs. Greiðslan tekur mið af fjölda fanga og starfsmanna og nam á árinu 2005 að meðaltali 4.704 þús. kr. á mánuði. Samningur við Vernd um aðlögun fanga. Gildistími er ótímabundinn og samningur uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara og nemur mánaðarleg greiðsla 633 þús. kr. Samningur við Liðsinni ehf um trúnaðarlæknisþjónustu. Gildistími er eitt ár og endurnýjast sjálfkrafa til árs í senn. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir. Mánaðarleg greiðsla er 12 þús. kr.

## Kennitölur

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 67.866 | 128.799 | 103.158 | 81.946 | 71.695 |
| Rekstrargjöld | ( 802.764) | ( 764.340) | ( 726.481) | ( 646.158) | ( 652.172) |
| Eignakaup | ( 10.770) | ( 10.001) | ( 7.026) | ( 10.824) | ( 12.256) |
| Tekjuafgangur | ( 745.668) | ( 645.542) | ( 630.349) | ( 575.036) | ( 592.733) |
| Ríkisframlag | 780.300 | 658.400 | 632.143 | 634.800 | 520.800 |
| Tekjuafgangur ársins | 34.632 | 12.858 | 1.794 | 59.764 | ( 71.933) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir | 93.913 | 62.376 | 69.649 | 46.536 | 44.030 |
| Eignir alls | 93.913 | 62.376 | 69.649 | 46.536 | 44.030 |
| Höfuðstóll | 74.953 | 40.322 | 27.464 | 25.671 | ( 34.093) |
| Skammtímaskuldir | 18.960 | 22.054 | 42.185 | 20.866 | 78.123 |
| Eigið fé og skuldir alls | 93.913 | 62.376 | 69.649 | 46.537 | 44.030 |